



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR  
ÓLAFSVÍK - HELLISSANDUR - LÝSUHÓLSSKÓLI

# SKÓLANÁMSKRÁ





## Efnisyfirlit

Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.....	4
Stefna skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir .....	5
Byrjendakennsla .....	6
Zippy .....	6
Hringekjustarf.....	6
Heimanám .....	7
Samræmd könnunarpróf.....	9
Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.....	10
Lykiltillögur um framkvæmd grunnþátta nýrrar aðalnámskrár.....	10
Læsi .....	11
Sjálfbærni .....	12
Heilbrigði og velferð .....	13
Lýðræði og mannréttindi .....	14
Jafnrétti.....	15
Sköpun.....	16
Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár .....	17
Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.....	19
Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun .....	20
Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun .....	22
Samstarf leik- og grunnskóla.....	22
Samstarf grunnskólanna á Snæfellsnesi og FSN.....	22
Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska.....	24
Áætlanir um:.....	25
Móttöku nýrra nemenda .....	25
Móttaka nemenda sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk .....	25
Nýir nemendur.....	25
Móttökuáætlun fyrir nýja Íslendinga, af erlendum uppruna .....	27
Áfengis- og fíknivarnir .....	30
Viðbrögð við vímuefnaneyslu og alvarlegum brotum .....	30
Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi .....	32
Jafnrétti og mannréttindi .....	35
Viðbrögð við áföllum .....	36
Viðbrögð við slysum .....	37



Ef nemandi deyr eða slasast alvarlega á skólatíma .....	37
Viðbrögð við andlátí.....	38
Vegna andláts starfsmanns .....	40
Agamál .....	42
Manneldismál .....	43



## Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004.

Það ár voru Grunnskólinn á Hellissandi og Grunnskólinn í Ólafsvík lagðir niður og stofnaður skóli fyrir þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar norðan Fróðárheiðar (Hellissand, Ólafsvík og Rif). Árið eftir bættist Lýsuhólsskóli við sem starfsstöð skólans þegar sá skóli var lagður niður sem sjálfstæð stofnun, síðan þá hafa allir grunnskólar Snæfellsbæjar starfað undir sama merki.

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar skólaárið 2015 - 2016 eru 245 nemendur á þremur starfsstöðvum, 72 á Hellissandi í 1.-4.bekk. 154 í Ólafsvík í 5. -10. bekk, og 19 á Lýsu í 1.-10. bekk.

Grunnskóli Snæfellsbæjar er umhverfisvænn skóli og eru allar starfsstöðvar skólans skreyttar umhverfisvottuninni Grænfánanum sem er táknið um árangursríka fræðslu í umhverfismálum og markvissa umhverfisstefnu.

Áttthagafræði er ein af meginstöðum skólans þar sem nemendur frá 1. bekk læra að þekkja nærumhverfi sitt og sögu þess. Var það verkefni fyrst unnið sem þróunarverkefni árið 2007 en í kjölfar þess verkefnis var unnin mikil vinna á öllum starfsstöðvum við að festa áttthaganám í sessi í skólanum og hefur sérstök námskrá um það nám verið í gildi frá skólaárinu 2008 – 2009.

Grunnskóli Snæfellsbæjar er Olweusarskóli. Unnið hefur verið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar frá stofnari skólans og eru gerðar eineltiskannanir á hverju ári og út frá þeim unnin endurskoðun áætlunar undir stjórn eineltisteymis.

Skólaárið 2014 – 2015 er skólinn að vinna að þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi grunnskóli“ og hófst það formlega 2015.



## **Stefna skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir**

Við í Grunnskóla Snæfellsbæjar leggjum áherslu á þroska einstaklingsins og nám í samræmi við hann.

Við leggjum mikið upp úr vellíðan allra sem að skólanum koma og teljum gleðina vera lykilþátt í öfluglu námsumhverfi.

Með þrjú gildi, vellíðan, gleði og einstaklingsþroska að leiðarljósi teljum við okkur alla vegi færa til þess að virkja sköpunargleði og til að rækta hæfileika hvers og eins. Hlutverk starfsfólks er að styðja við nám nemenda og leitast stöðugt við að auka gæði þess.

Við leggjum mikið upp úr samstarfi og samvinnu allra í skólanum, nemenda sem og starfsfólks. Til þess þurfa öll samskipti að byggjast á virðingu, heiðarleika, sanngirni og tilliti hvers til annars.

Við leggjum sérstaka áherslu á að nemendur okkar afli sér þekkingar á heimabyggð sinni svo að þeir þekki sögu hennar, náttúru og staðhætti og geri sér líka grein fyrir möguleikum þar til framtíðar.

Við tökum afstöðu gegn einelti og erum aðilar að Olweusaráttakinu gegn einelti. Við tökum afstöðu með umhverfinu og erum með Grænfánavottun á öllum okkar starfsstöðvum.

Við leggjum metnað í skólastarfið með það að markmiði að nemendur okkar öðlist fjölbreytta reynslu og haldgóða menntun, þeir finni til ábyrgðar gagnvart eigin námi og að við lok skólagöngu geri þeir sér fulla grein fyrir námshæfileikum sínum og framtíðarmöguleikum í námi og/eða starfi.

**Metnaður okkar liggur í því að við viljum alltaf gera góðan skóla enn betri!**



## Byrjendakennsla

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er leitast við að auðvelda nemendum skólabyrjun og gera hana markvissari. Innleiða skal ákveðin vinnubrögð og kennsluaðferðir með það fyrir augum að auka færni nemenda. Stuðla skal að alhliða þroska og menntun hvers barns. Góð samskipti heimilis og skóla eru mikilvæg og auðvelda aðlögun að skólasamfélaginu. Áhersla er lögð á að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda og stuðla að líkamlegri og andlegri velferð þeirra. Leikir barna eru nýttir sem náms- og þroskaleið og tengdir þeirra nánasta umhverfi. Mikilvægt er að viðfangsefnin séu sprottin úr umhverfi nemenda til að efla áhuga og skilning. Markmið skólans er að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á fínhyringar til að auðvelda nemendum rétt vinnubrögð. Nauðsynlegt er að nemendur séu virkir í náminu.

## Zippy

Námsefnið Zippy er hugsað til að auðvelda börnum að læra að bjarga sér, kljást við vandamál og erfiðar aðstæður. Námsefnið er byggt á þeirri kenningu að börnin séu stöðugt í samskiptum við annað fólk, fjölskyldur, kennara, vini, nágranna og önnur börn.

Í námsefninu er m.a. tekið á:

Tilfinningum, vináttu, breytingum og missi, að tala og hlusta á aðra, leysa vandamál, að hjálpa öðrum og að takast á við erfiðar aðstæður.

Lykilatriðið í námsefninu er að hvetja börn til þess að hjálpa öðrum og veita þeim stuðning, bera virðingu fyrir öðrum, geta sett sig í spor annarra og auka samstarfshæfni. Þau læra að bjarga sér við ýmsar aðstæður og læra að leita til annarra um hjálp.

## Hringekjustarf

Hringekjur eru hluti af starfi skólans og er uppbrot á hefðbundnu bekkjarstarfi og vinnuhópum.

Þá vinna kennarar og nemendur tveggja aldurshópa eða bekkja saman og nemendum er blandað í hópa. Þema einkennir starfið og reglulega (ca. 4 -6 vikna fresti ) er skipt um þemu, viðfangsefni eru ákveðin af þeim kennurum sem stjórna starfinu.

Verklegar hringekjur eru frábrugðnar öðrum á þann hátt að þá eru verkgreinar með aðkomu að hringekjustarfinu. Þær hringekjur eru til lengri tíma, allt að hálfri önn.



## Heimanám

- Almennt:
  - Heimanám skal í öllum tilvikum vera upprifjun þess náms sem fram fer í skólanum, undir engum kringumstæðum skal senda nemanda með heimanám í efni sem hann ekki hefur fengið kennslu í áður.
  - Kanna viðhorf forráðamanna hvers barns til heimanáms að hausti og bregðast við þeim upplýsingum sem þar koma fram.
  - Stærri verkefni skulu unnin innan skólans, en ekki sem heimanám.
  - Bregðast skal við með einstaklingsáætlunum í heimanámi í þeim tilvikum þar sem ljóst má vera að viðkomandi nemandi ráði ekki við almennt heimanám bekkjar. Slík áætlun skal alltaf borin undir forráðamenn nemanda til samþykktar.
  - Sérstaklega þarf að skoða óhefðbundið heimanám þar sem nemendur geta leyst verkefni á sínum grundvelli, með sínu frumkvæði.
  
- 1. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - heimaverkefni að jafnaði hverja viku,
  - sögugerð, stafahefti, stærðfræði og „könnunarverkefni“,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.
  
- 2. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - heimaverkefni að jafnaði hverja viku,
  - sögugerð, stafahefti, stærðfræði og „könnunarverkefni“,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.
  
- 3. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - íslenska,
  - sögugerð, lesskilningur, skrift og „könnunarverkefni“,
  - stærðfræði,
  - upprifjunarverkefni „drillæfingar“ og „könnunarverkefni“,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum,
  - heimanámsáætlun sem miðar að heimanámi tvo daga vikunnar.





- 4. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - íslenska,
  - sögugerð, lesskilningur, stafsetning og „könnunarverkefni“,
  - stærðfræði,
  - upprifjunarverkefni, „drillæfingar“ og „könnunarverkefni“,
  - heimanámsáætlun sem miðar að heimanámi tvo daga vikunnar,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.
  
- 5. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - íslenska,
  - ritunarverkefni, lesskilningur, stafsetning og „könnunarverkefni“,
  - stærðfræði,
  - upprifjunarverkefni, „drillæfingar“ og „könnunarverkefni“,
  - heimanámsáætlun sem miðar að heimanámi þrjá daga vikunnar,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.
  
- 6. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - íslenska,
  - ritunarverkefni, lesskilningur, stafsetning, málfræði og „könnunarverkefni“,
  - stærðfræði,
  - upprifjunarverkefni, „drillæfingar“ og „könnunarverkefni“,
  - heimanámsáætlun sem miðar að heimanámi þrjá daga vikunnar,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.
  
- 7. bekkur:
  - Lestur hvern dag,
  - íslenska,
  - ritunarverkefni, lesskilningur, stafsetning, málfræði og „könnunarverkefni“,
  - stærðfræði,
  - upprifjunarverkefni, „drillæfingar“ og „könnunarverkefni“,
  - náttúru- og samfélagsfræði unnin í samræmi við mánaðaráætlun,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum.





- Unglingastig:
  - Unnið í samræmi við mánaðaráætlanir í öllum fögum,
  - samræmt innan hvers árgangs,
  - fjölbreytt verkefni, þ.á.m. könnunarverkefni og óhefðbundið heimanám,
  - boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir 8. bekk,
  - samræmt vægi fyrir skilaverkefni sem unnin eru heima,
  - „prófa- og könnunardagatal“ verði sett upp í vinnuherbergi kennara í Ólafsvík, eftir bekkjum, sem leiða á til þess að betri dreifing verði á könnunum og verkefnaskilum.

### **Samræmd könnunarpróf**

Nemendur í 4. og 7. bekk taka samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Nemendur í 10. bekk taka samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Niðurstöður þessara kannana eru upplýsandi fyrir nemendur, forráðamenn og kennara og á þeim er hægt að byggja áframhaldandi nám.

Skólinn fer yfir útkomu hvers nemanda og tekur mið af henni varðandi skipulag náms fyrir nemendur.



## Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga

### Lykiltillögur um framkvæmd grunnþátta nýrrar aðalnámskrár

Í sameiginlegum inngangskafli nýju aðalnámskrárinnar, almennum hluta fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Samkvæmt aðalnámskránni skulu þessir þættir ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla og grunnskólinn er mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna og búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Kennarar Grunnskólans í Snæfellsbæ unnu saman í starfshópum við að móta lykiltillögur um það hvernig skuli samræma grunnþættina við skólastarfið. Kennarar unnu saman í hópum, skráðu þá vinnu sem nú þegar er unnin innan skólans og verður unnið að áfram í tengslum við grunnþætti, komu með hugmyndir að verkefnum/þemaverkefnum í námsgreinum, atriði í stefnumótun grunnþáttarins, breytingum í vinnubrögðum skólans vegna grunnþáttarins, aðkomu allra í skólasamfélaginu að starfi við grunnþáttinn og fleira sem hjálpar við að innleiða grunnþættina í skólastarfið. Starfshóparnir unnu með hvern grunnþátt fyrir sig og settu fram lykiltillögur um ofangreinda þætti.

Hér fyrir neðan eru tillögurnar frá starfshópunum um vinnu í hverjum þætti fyrir sig, flokkaðar eftir því hvort verið er að vinna að þeim nú þegar eða hvort verið er að innleiða þá í skólastarfið.



## Læsi

*Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tókum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.*

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Nemendur vinni verkefni tengd samfélaginu til að efla tengsl skólans við samfélagið.
- Notast við Pals lestraraðferðir til að auka valmöguleika nemenda í lestri.
- Nemendur notst við hóplæsi og þjálf sig í samvinnu í leiðinni.
- Kennarar nýti „Orð af orði“ námsaðferðina í öllum bekkjum og aðlagi hana að aldri og þroska nemenda.
- Nemendur vinni þemaverkefni sem tengjast ákveðinni bók eða rithöfundu. Athugi og nýti möguleika s.s. að fá höfund í heimsókn.
- Nemendur haldi upplestur á ákveðnum stöðum úti í samfélaginu í tengslum við þemaviku eða bókmenntaviku.
- Lögð verði áhersla á að kenna upplýsingamennt svo að nemendur öðlist meiri færni í notkun nútíma miðla m.a. við gerð hljóðupptaka, kvikmynda og klippinga og flétti þessa þætti inn námið.
- Auka vinnu með mismunandi læsisþætti og samþætta þá í verkefnum sem innihalda tölvunotkun, bækur og ritun.

Þættir sem verið er að vinna að:

- Marka skýra stefnu í lestrarkennslu sem er samræmd fyrir allan skólann í heild sinni.
- Samræma lestur og þá þætti sem tengjast lestrarvinnu á milli yngsta stigs og miðstigs.
- Nemendur fái þjálfun í stafrænu læsi sem inniheldur bæði myndir og texta.
- Nemendur eflist í upplýsingalæsi með því að leita að upplýsingum á margvíslegan hátt og öðlist þar af leiðandi meira sjálfstæði við upplýsingaöflun.
- Nemendur öðlist betra læsi og skilning á samfélaginu með því að lesa meira af efni sem tengist samtímanum. Þannig má auka lestur á samtímaefni og vinna verkefni úr fréttatengdu efni dagblaða og netmiðla sem felur í sér að lesa, skrifa og kynna eitthvert ákveðið efni.
- Kennarar nýti sér umhverfið og samfélagið til að auka læsi nemenda á þeim þáttum sem almenningur nýtir sér daglega til dæmis í umferðinni s.s. áætlunarferðir og veðurkort.



## Sjálfbærni

*Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur hefur þroska sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; efnahagsþróun og framtíðarsýn. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.*

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Kennarar viðhaldi áherslu á átthagafræði í samvinnu við atvinnulíf og íbúa bæjarins, fari í vettvangsferðir, vinni með þema og leiti eftir þekkingu og sögum frá eldri borgurum. Auki áherslu á mikilvægi einstaklingsins í umhverfisverkefnum sem verið er að vinna í t.d. með flokkun, ræktun og gróðursetningu og öðrum verkefnum sem eru uppbyggileg fyrir samfélagið.
- Kennarar nýti útikennslu í tengslum við náttúru, gróðursetningu, umhirðu umhverfisins og fleiri þætti sem auka skilning á umhverfisvernd. Kennarar auki meðvitund nemenda um ágreiningsefni og álitamál sem tengjast umhverfinu og veiti þeim tækifæri til að taka þátt í umræðu sem snertir þau málefni.
- Kennarar verði meðvitaðir um að nýta verðlausan efnivið í skólanum. Í list- og verkgreinum er hægt að skapa nýtt úr gömlu og kenna nemendum hvernig má endurnýta hluti með því að breyta og betrumbæta. Hægt er að hafa endurnýtingu sem þema í þemaviku.
- Umhverfisvitund verði eflað með því að flétta saman námsþátt og vettvangsferðir og samtvinna merkingu sjálfbærni við námsgreinar.
- Skólinn haldi áfram með Grænfánaverkefni, byggi upp matjurtagarða og nýti útistofur (skóglendi).
- Efla má rafræn skil á nemendaverkefnum sem stuðlar að minni notkun á pappír og undirbýr nemendur fyrir vinnubrögð í framhaldsskóla.
- Nemendur geri sér grein fyrir hversu hratt lífshættir hafa breyst og hvað þarf að gera til að sjálfbærni geti haldist.
- Nemendur læri að hugsa um fjármál sín og gera sér grein fyrir í hvað þeir eyða fjármunum sínum og hvað þeir afli mikilla tekna eða vasapeninga.
- Farið verði í vettfangsferðir til að efla meðvitund um samfélagið og umhverfislæsi með því að skoða umhverfislistaverk og tákn fyrir t.d. umferð, stofnanir og athyglisverða staði.



## Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Heilsuefling sé nýtt sem þema og búnir til „heilsudagar“ þar sem áhersla er á hreyfingu, hollt mataræði og almennt hreinlæti.
- Starfsfólk haldi áfram að vinna með Olweusaráætlun sem eykur og viðheldur jákvæðum skólaanda.
- Nemendum verði boðið upp á valáfanga í líkingu við skólahreysti og gæti verið í samvinnu við líkamsræktarstöð eða ungmennafélög.
- Nemendur fái krefjandi verkefni sem bæta sjálfsmynd og auka áhuga á námi.
- Skólahjúkrunarfræðingur annist kynfræðslu, fræðslu um hreinlæti, tannheilsu, forvarnir og fleira tengt heilbrigði og velferð barna og unglunga. Nemendum getur veist auðveldara að spyrja utanaðkomandi um heilbrigðismál.
- Kennarar og nemendur haldi áfram að fara í hefðbundnar ferðir s.s. í nemendabúðir að Reykjum í 7. bekk, Laugum í 9. bekk og taki þátt í Skólahreysti sem er allt hluti af því að halda skólabrag.
- Kennarar verði meðvitaðri um það hvernig hægt er að fá aðstoð frá sálfræðingi eða félagsráðgjafa og upplýsingastreymi um það verði gott frá stjórnendum til kennara og foreldra.
- Hafa skal söng á sal sem eykur gleði og vellíðan meðal nemenda, þar sem söngur er heilsubót.
- Vinna með sjálfstraust nemandans með því að leggja áherslu á fjölbreytt verkefni sem þjálfar nemendur í að koma fram, segja sína skoðun, útskýra verkefni og draga saman niðurstöður.

Þættir sem við erum nýlega byrjuð á eða erum að hefja vinnu við:

- Til eflingar skólaandans skal stefnt að því að öll skólastig hittist einu sinni á ári í einhvers konar leikjum þar sem öllum bekkjum er blandað saman t.d. í ratleik með aldursblöndun.
- Nemendur fái leiklist frá 1. – 10. bekk til að efla þeirra frumkvæði, sjálfsöryggi, sjálfstæði og framsögn.
- Nemendur fái þjálfun í félagsfærni.



## Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildri samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilkáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Stjórnendur og kennarar efla samstarf skóla við íþróttafélög og æskulýðsstarf.
- Nemendur fái kennslu í að taka þátt í lýðræðislegum umræðum og átti sig á því að það sé í lagi að vera ósammála og rökræða um málefni án þess að búa til ósætti.
- Nemendur fái leiðsögn í því að taka afstöðu og færa rök fyrir skoðunum sínum.
- Kennarar stuðli að því að efla félagsfærni nemenda með lýðræðislegum vinnubrögðum s.s. að auka samvinnu og skapa góðan bekkjaranda og skólabrag.
- Kennarar séu meðvitaðir um að kennslubækur miðli lýðræðislegum hugmyndum.
- Samábyrgð nemenda og nærumhverfis virkjuð með áframhaldandi vinnu í áttthagafræði, umhverfismálum og Olweus.
- Nemendur læri að gera greinarmun á því hvað það er að vera gerandi og þátttakandi í samfélagi og hvað það er að vera áhorfandi og óvirkur þátttakandi.
- Nemendur skoði störf út frá kynjahlutfalli t.d. í vettvangsferðum.
- Ákveðnir bekkir taki þátt í uppbyggjandi verkefnum t.d. að útbúa pakka fyrir Rauða krossinn, ungbarnapakka eða „jól í skókassa“.
- Nemendur fái tækifæri til að vinna með málefni sem þeir þurfa að taka afstöðu til, finna kosti eða ókosti og efla þannig víðsýni.
- Nemendur fái tækifæri til að vinna í anda lýðræðis og jafnréttis með setu í ýmsum nefndum sem setja reglur eða taka ákvarðanir í málefnum sem tengjast þeim beint.
- Nemendur fái tækifæri til að ræða hvað lýðræði er og hvað mannréttindi fela í sér.
- Nemendur fái tækifæri til að koma að ýmsum ákvörðunum er varða skólastarfið.

Þættir sem við erum nýlega byrjuð á eða erum að hefja vinnu við:

- Skólinn fái fólk úr nærumhverfinu til að kynna sína menningu og trú til að auka víðsýni og virðingu.
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna gerð sýnileg eða aðgengileg í skólanum.



## Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Þekking nemenda á mismunandi aðstæðum einstaklinga í samfélaginu og heiminum verði aukin.
- Skólinn og kennarar séu fyrirmyndir í því að gefa öllum sömu tækifæri og geri nemendum ljóst að það á að vera sjálfgefið að allir fái sömu tækifæri.
- Kennarar gæti þess að hver og einn sé metinn á sínum forsendum og geri nemendur meðvitaða um það.
- Í starfskynningum sé lögð áhersla á að bæði kynin hafi jafna möguleika í öll störf.
- Nemendur fái tækifæri á öllum stigum til að kynnst aðstæðum barna sem koma frá annarri menningu en þeir þekkja sjálfir. Nemendur læri um þeirra siði, trúarbrögð, menningu og fái þannig forsendur til að setja sig í spor annarra. Hægt er að vinna með E-twinning í þessu samhengi.
- Öll erlend börn hafi jafnan rétt á túlki þegar á þarf að halda t.d. í viðtölum.
- Stuðlað verði að markvissri fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum og fræðslan byrji strax á yngsta stiginu t.d. með umræðu um að enginn er eins. Á miðstigi má fara í efni sem fjallar um það að við breytumst á lífsleiðinni og á unglíngastigi lögð áhersla á að virðum aðra eins og þeir eru.
- Skipulögð verði þemaverkefni við hæfi hvers stigs fyrir sig með ólíkum verkefnum um eftirfarandi þætti: Aldur, fötlun, kynhneigð, litarhátt, trúarbrögð, stétt, lífsskoðanir og búsetu.
- Nemendur fái námsefni við sitt hæfi og fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir.
- Nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og efnistöfum með því að vinna verkefni út frá eigin hugðarefni, áhugamáli eða hæfileikum.

Þættir sem við erum nýlega byrjuð á eða erum að hefja vinnu við:

- Sett verði upp þema um skilgreiningu á jafnrétti.
- Skipulagðir verði fjölmenningsdagur til að gefa öllum tækifæri til að kynnst menningu innflytjenda sem búa hér og þekking dregur úr fordómum.





## Sköpun

*Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.*

Þættir sem unnið er með nú þegar og þarf að auka og styrkja:

- Auka skal vægi list- og verkgreina með því að samþætta verklega þætti inn í aðrar námsgreinar.
- Nemendur fái tækifæri til nýsköpunar.
- Kennarar nýti sér átthagafræði fyrir hugmyndavinnu, þar eru mörg tækifæri til verkefna t.d. með efnivið úr nærumhverfi.
- Samvinna list- og verkgreinakennara og annara kennara verði aukin með því að skipuleggja sameiginleg verkefni.
- Nemendur fái tækifæri til að vinna úr verkefnum og skila afrakstri í fjölbreyttu formi s.s. með stuttmynd, ritgerð, leiklist, tónlist eða öðru sem hugur þeirra stendur til.
- Haldið verði áfram með hringekjur þar sem mikil sköpun fer fram í list- og verkgreinum t.d. leikrænni tjáningu, smíði, handavinnu og myndmennt.
- Kennarar leggi aukna áherslu á leiki í kennslu, sérstaklega á eldri stigum.
- Kennarar samþætti hreyfingu, útivist og átthagafræði.

Þættir sem við erum nýlega byrjuð á eða erum að hefja vinnu við:

- Stefnt skal að því að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í nýsköpunarkeppni grunnskólanna eða haldi nýsköpunarkeppni innan skólans.



## Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Guðmundur Finnbogason (1873–1944) skrifar svo um nám í Lýðmenntun sinni fyrir rúmum 100 árum:

Aldrei má gleyma því að öll þekking á að auka færni vora og leikni, og að eini áreiðanlegi mælikvarðinn fyrir því hvað vér vitum er það hvað vér getum. Sú þekking sem ekki gerir oss í neinu færari en vér áður vorum, er lítils virði. Þess vegna ber að haga öllu námi svo að nemandinn fái sem mest tilefni til að hagnýta sér hverja nýja þekkingu, nota hana sem undirstöðu nýrrar þekkingar eða sem leiðarljós ytri athafna. Þegar þekkingin er notuð, skýrist hún, vex og festist í minni og verður æ handhægara og betra verkfæri (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 66).

Inntak skilgreiningar hans er að það sé ekki nóg að vita heldur verður einstaklingurinn að gera þekkinguna að sinni með því að sýna það í verki að hann hafi bætt einhverju við fyrri þekkingu sína og nýti sér hana.

Í nýrri aðalnámskrá er víða fjallað um hvað felst í menntun og mikilvægi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild sinni. Í þeirri umfjöllun kemur m.a. fram að almenn menntun eykur hæfni einstaklingsins til að leysa verkefni daglegs lífs og eflir skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum. Með því móti eykst hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklings- og samfélagsmiðuð. Í námskránni er lögð áhersla á að nemendur kunni að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Náms hæfni nemenda felur í sér meðvitund um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Náms hæfnin er undirstöðuþáttur í öllu skólstarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga nemenda. Það að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Þannig er lögð áhersla á námsferlið fremur en afurðina.

Grunnskólum ber að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám, bæði bóklegt nám, verk- og listnám, sé á forsendum hvers og eins nemanda. Náms umhverfi nemenda sé sem mest hvetjandi þar sem nemandinn finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna, án tillits til atgervis til líkama og sálar, félagslegs og tilfinningalegs ásítkomulags eða málþroska. Þetta á við um öll börn, fötluð og ófötluð, langveik, afburðagreind og börn með þroskaröskun, börn úr afskekktum byggðarlögum og börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu.

Nám í grunnskóla tekur mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins. Við allt skipulag skólstarfs og kennslu ber að leggja þessi atriði til grundvallar. Það gerir kröfur um að kennari leggi sig fram um að kynnast hverjum þeim nemanda sem hann kennir, meti stöðu hans í námi og hafi bæði nemanda og foreldra hans með í ráðum um þau markmið sem stefnt skal að hverju sinni. Leggja skal áherslu á að foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna.



Í umfjöllun um menntun og nám nemenda er hæfni lykilhugtak. Hæfni nemanda hvílir að mestu á leikni hans og þekkingu. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni. Nemendur eiga að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrundi og rökstyðji. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Í faggreinanámskrám koma fram hæfniviðmið sem stefnt er að að sem flestir nemendur nái á skólagöngu sinni. Hæfniviðmiðin sem sett eru fram í námskrám ráðuneytisins ber skólum að útfæra og birta sem hluta af skólanámskrá. Kennarar skólans útfæra þau í þeim greinum sem þeir kenna hverju sinni í kennsluáætlunum sínum sem birtast inni á Mentor.

Að lokum er tilvitnun í Guðmund:

„Að skilja eitthvað er að heimfæra það undir það sem maður þegar þekkir og skilur og sjá skýrt samband hvors tveggja. Og allir þekkja hvílíkan unað slíkt getur veitt.“  
(Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 65).



## Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er leitast við að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Mikilvægt er að hver einstaklingur fái að njóta sín sem best, því þarf námsmat að taka á sem flestum þáttum skólastarfsins. Námsáætlanir skulu vera sýnilegar og vægi námsþátta skilgreint innan hverrar námsgreinar.

Skólaárinu er skipt í tvær námslotur, haustönn og vorönn. Í lok vorannar eru yfirlitspróf í íslensku (stafsetning, málfræði, ritun og lesskilningur) og stærðfræði. Prófað er í ensku og dönsku í 7.-10. bekk. Hraðlestrarpróf eru lögð fyrir nemendur í 1.-4. bekk og í 5.-7. bekk. Nemendur sem hafa náð 8.0 í hraðlestri fara einnig í framsagnarpróf að vori. Allir nemendur í 7., 8. og 9. bekk fara í framsagnarpróf að vori. Nemendur fá prófseinkunn í fyrrgreindum fögum. Skólaeinkunn (fjölbreytt námsmat) er gefin í öllum námsgreinum í lok annar. Skólaeinkunn liggur fyrir áður en annarpróf eru lögð fyrir nemendur.

Tilgangur námsmats er að sýna námslega stöðu einstaklings, vera til upplýsinga um nám og kennslu, eftirfylgdar áætlana, sýna framfarir nemenda og greina sérþarfir.

Helstu námsmatsaðferðir eru:

1. Skrifleg próf ; fjölbreyttar spurningagerðir,
2. styttri kannanir/símat; sömu matsaðferðir og í 1. lið,
3. heimapróf,
4. munnleg próf,
5. mat á verkefnavinnu (ritgerðir, vinnubækur, verkefnaskil o.fl.),
6. ástundun (vinnubrögð, vinnusemi, framkoma, virkni),
7. matslistar; staðlaðir og óstaðlaðir,
8. jafningjamat, sjálfsmat.



## Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er lögð mikil áhersla á góð samskipti við heimilin og forráðamenn hvattir til þess að taka virkan þátt í skólastarfinu. Mikilvægt er að gott upplýsingastreymi sé milli heimils og skóla.

Ef upp koma ágreiningsmál milli heimils og skóla:

- Forráðamaður hefur samband við starfsmann vegna ágreiningsmáls.
- Starfsmaður hefur samband við skólastjórnanda og tjáir honum ágreininginn.
- Skólastjórnandinn tekur við málinu.
- Ræðir við aðila máls og aflar sjálfur upplýsinga um það.
- Ákveður hvort ástæða er til að kalla aðila máls saman á fund til að ljúka því.
- Ákveður hvort ástæða er að aðhafast frekar í málinu.
- Ef ekki næst lausn í málinu ber skólastjóra að tilkynna fræðsluráði um gang þess.
- Á sama hátt er bent á að í 47. grein laga um grunnskóla er kæruréttur forráðamanna beint til fræðsluráðs útskýrður.

### Skólaráð

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar starfar skólaráð í samræmi við reglugerð nr. 1157/2008. Þar segir í 2. grein um skipan í ráðið:

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

- a. tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi,
- b. einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi,
- c. tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- d. tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- e. skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.



Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.

Fulltrúi grenndarsamfélags tryggir það að foreldrar allra starfsstöðva eigi sér málsvara í skólaráði. Fulltrúum nemendafélags er boðin þátttaka á fundum þegar um sértæk málefni nemenda er að ræða.

### **Foreldrafélag**

Öflugt foreldrasamstarf er ein af meginforsendum góðs skólastarfs. Forráðamenn allra barna í Grunnskóla Snæfellsbæjar eru sjálfkrafa félagar í Foreldrafélagi Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Að hausti er haldinn aðalfundur Foreldrafélags GSNB og á honum er kosið í fimm manna stjórn auk fulltrúa í Skólaráð.

### **Foreldrafélag Lýsuhólsskóla**

Í Lýsuhólsskóla er sérstakt foreldrafélag. Stjórn þess er kosin á hverju hausti, en starf þess er á ábyrgð skólans og er deildarstjóri Lýsuhólsskóla tengiliður skólans við það.

### **Bekkjarfulltrúar**

Að hausti eru valdir forráðamenn þriggja til fjögurra barna úr hverjum árgangi til að verða bekkjarfulltrúar.

### **Haustkynningar árganga**

Í upphafi skólaárs eru forráðamenn nemenda boðaðir á kynningarfundum í skólanum þar sem farið er yfir helstu þætti skólastarfsins. Þ.á.m. er sérstakt námskeið fyrir forráðamenn 6 ára barna um upphaf skólagöngu.



## Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun

### Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf leik- og grunnskóla fer þannig fram að einu sinni í mánuði allt skólaárið koma leikskólanemendur í heimsókn í grunnskólann til að kynna sér starfið þar og taka þátt í kennslustundum.

Grunnskólanemendur fara í eina heimsókn í leikskólana á skólaárinu. Starfinu lýkur í maí með tveggja daga vorskóla þar sem leikskólanemendur eru heila kennsludaga í skólanum en grunnskólanemendurnir eru í leikskólunum.

### Samstarf grunnskólanna á Snæfellsnesi og FSN

Meðal meginatriða núverandi menntastefnu er aukið svigrúm, sveigjanleiki og samfella á milli skólastiga og innan hvers skólastigs. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi nemenda, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu námsins.

Grunnskólarnir á Snæfellsnesi eiga í góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Í samstarfinu felst m.a. ábyrgð á upplýsingagjöf milli skólanna, til nemenda og foreldra um nám á framhaldsskólastigi og hvernig samstarfinu er háttað. Á grunnskólagöngu sinni fá nemendur upplýsingar um framhaldsskólastigið í heild sinni og námsframboð einstakra skóla. Við skólana starfar náms- og starfsráðgjafi sem aðstoðar nemendur við að velja nám við hæfi.

Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu eða samhliða grunnskólanámi í viðkomandi námsgreinum. Námið er á ábyrgð grunnskólans og vitnisburður um það því birtur á vitnisburðarblaði nemandans við lok grunnskóla.

Þegar nemendur, sem notið hafa sérúrræða í grunnskóla, hefja nám í FSN skulu kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemanda og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar vegna fyrirhugaðs náms hans í framhaldsskóla og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Helstu þættir samstarfsins skólaárið 2016 - 2017:

- Stjórnendur skólanna funda reglulega með það að markmiði að efla upplýsingastreymi og samstarf á milli skólanna, s.s. með sameiginlegu námskeiðshaldi og fagfundum þvert á skólastigin. Fyrsti fundur verði 8. ágúst kl. 14.30.





- Umsjónarkennarar nemenda í tíunda bekk, í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna kynna framhaldsskólastigið í heild sinni og námsframboð einstakra skóla. Gott að gera þetta snemma, t.d. í september/október.
- Náms- og starfsráðgjafi FSN, ásamt fyrrum nemanda hvers skóla, fer í heimsókn í grunnskólana í viku 7 og 8.
- Framhaldsskólahermir á vorönn í viku 13, þ.e. nemendur 10. bekkjar koma og prófa að vera nemendur í FSN einn dag.
- Haldinn er opinn dagur í FSN í viku 17 fyrir nemendur og foreldra þeirra þar sem skólinn kynnir námsframboð sitt.
- Náms- og starfsráðgjafi FSN fundar með skólastjórnendum til þess að fá upplýsingar um námsstöðu og greiningar hjá nemendum (áður en fundurinn fer fram fær skólastjórnandi leyfi hjá foreldrum). Þessum fundum skal vera lokið fyrir 11. júní.



## Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska

Í skólstarfinu er unnið að því að nemendur kynnist samfélaginu og átti sig á framtíðarmöguleikum sínum í heimabyggð. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir í Snæfellsbæ. Reynt er að tengja nám á sem flestum sviðum við veruleikann í bæjarfélaginu. Í skólustefnu Snæfellsbæjar er lögð áhersla á tengsl skóla og samfélags og skólinn á námskrá í átthagافرæðum sem unnið er eftir innan skólans og tekur á þessum þáttum. Þannig eykst fjölbreytni í námi og nemendur kynnast vinnubrögðum sem nýtast í frekara námi og þátttöku í atvinnulífinu.

Á vegum skólans leggja nemendur sitt af mörkum öðrum í samfélaginu til aðstoðar og afþreyingar og taka virkan þátt í menningarstarfi og -miðlun.

## Áætlanir um:

### Móttöku nýrra nemenda

Markmiðið er að tekið sé á móti nýjum nemendum Grunnskóla Snæfellsbæjar þannig að fyrstu kynni þeirra af skólanum veiti þeim vellíðan og öryggi.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á innritun og móttöku nýrra nemenda.

### Móttaka nemenda sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk

Unnið er markvisst eftir áætlun verkefnisins „Brúum bilið milli leik- og grunnskóla“ á síðasta ári nemenda í leikskóla. Að vori er haldinn upplýsingafundur með starfsmönnum leikskóla og grunnskóla. Í ágúst er haldinn fundur með foreldrum þar sem skólinn og skólastarfið er kynnt auk þess sem fjallað er um hlutverk foreldra í að skapa jákvæð samskipti, bekkjaranda og vináttu og að vinna gegn einelti. Foreldrar fá góð ráð varðandi uppeldi og til að efla skólafærni barna sinna.

### Nýir nemendur

Nemendur sem koma nýir í skólann að hausti, eða eftir að skóli er hafinn, koma ásamt foreldrum eða forráðamönnum í skólann og hitta skólastjórnanda og umsjónarkennara á fundi. Nýir nemendur sem byrja í skólanum að hausti og foreldrar/forráðamenn þeirra fá kynningu á skólastarfinu og húsnæðinu á sérstökum fundi áður en skóli hefst. Þeir hefja síðan nám næsta skóladag.

### Upplýsingagjöf og upplýsingaöflun:

Formlegt viðtal fer fram á þeirri starfsstöð sem nemandi mun sækja.

- Þegar viðtalið fer fram er æskilegt að skólastjórnandi og umsjónarkennari sitji fundinn. Tilgangur fundarins er að fá upplýsingar um bakgrunn nemandans og foreldra.
- Næsta skref er að fara í kynnisferð með barni og foreldrum um skólann og allt það húsnæði sem notað er við kennslu. Kynna þarf bekkjarstofu og sérgreinastofur, hvar inngangur og fatahengi skólans eru, snyrtingar og íþróttahús.
- Nemandinn þarf að fá stundaskrá, innkaupalista og upplýsingar um nesti og hádegismat.
- Forráðamaður fær upplýsingar um hvaða kennslubækur skólinn útvegar og hvað nemandinn þarf að hafa með sér í skólann, t.d. skólatösku, pennaveski, nemendabækur, íþróttaföt og sundföt.



- Afhenda skal forráðamönnum starfsáætlun skólans, ásamt upplýsingum um útivistartíma, hvernig eigi að tilkynna forföll og biðja um frí. Einnig nauðsynleg símanúmer, netföng og veffang skólans.
- Foreldrar og forráðamenn þurfa upplýsingar um hvert þeir geta leitað ef nemandi líður illa í skólanum og ef óánægja kemur upp.
- Veita skal upplýsingar um tómstundir og þá íþróttaiðkun sem í boði er fyrir nemandann og hvar sú starfsemi fer fram.
- Veita skal upplýsingar um mótuneyti, lengda viðveru og verðskrá fyrir þá þjónustu.
- Kynna skal fyrirkomulag á lengdri viðveru, fyrir þeim sem við á.

Upplýsingar fyrir skólann um bakgrunn nemanda og aðstæður foreldra (kemur fram á skráningareyðublaði skólans).

### **Fá upplýsingar um:**

- fjölskyldu nemandans.
- greiningar og námslega stöðu nemanda.
- áhugamál og skapgerð nemandans.
- trúarlegan bakgrunn nemandans og trúarhefðir.
- þjónustupörf vegna fötlunar eða veikinda.
- Fá skriflegt leyfi foreldra til að birta myndir af nemandanum í miðlum skólans.

### **Fyrstu skref skólagöngunnar**

Áður en hin hefðbundna skólaganga hefst, er mikilvægt að umsjónarkennari undirbúi bekkinn sem nemandinn mun tilheyra og kynni komu hans öllu starfsfólki skólans.

Umsjónarkennari sér til þess að fyrstu daga nemandans í skólanum sé honum fenginn móttökustjóri úr hópi samnemenda. Móttökustjóra er ætlað að veita nýja nemandanum stuðning fyrstu vikunnar.

Mikilvægt er að kynna nemanda rútuferðir, íþróttahús og sundlaug og alla þá íþróttastöðu sem tilheyra námi hans.

Þegar nemandinn hefur verið u.þ.b. vikutíma í skólanum á umsjónarkennari samtal við hann.

Á fyrsta fundi lausnaleyttar, eftir að nemandinn hefur bæst í hópinn, er farið yfir hans mál.



## Móttökuáætlun fyrir nýja Íslendinga, af erlendum uppruna

Áður en til innritunar kemur verður dvalarleyfi og vottorð um heilbrigðissskoðun að liggja fyrir. Æskilegt er að fá bólusetningavottorð og einhverjar upplýsingar um fyrri skólagöngu.

Hér fyrir neðan eru punktar sem vert er að kynna sér þegar nýr Íslendingur flyst til Snæfellsbæjar og ætlar að hefja nám við grunnskólann.

### Upplýsingagjöf og upplýsingaöflun:

Formlegt viðtal fer fram á þeirri starfstöð sem nemandi mun sækja sitt fyrsta skólaár.

- Þegar viðtalið fer fram er æskilegt að skólastjóri, umsjónarkennari, sérkennari, deildarstjóri og túlkur séu viðstaddir, sé þess þörf, svo þeir kynnist bakgrunni nemandans og foreldrum sem fyrst.
- Næsta skref er að fara í kynnisferð með barni, foreldrum og túlki um skólann og allt það húsnæði sem notað er við kennslu. Kynna þarf bekkjarstofu og sérgreinastofur, hvar inngangur og fatahengi skólans eru, snyrtingar og íþróttahús.
- Foreldrar fá í hendur *Upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna* og er hann að finna á heimasíðu fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.
- Nemandinn þarf að fá stundaskrá, innkaupalista og upplýsingar um nesti og hádegismat.
- Forráðamaður fær upplýsingar um hvaða kennslubækur skólinn útvegar og hvað nemandinn þarf að hafa með sér í skólann, t.d. skólatösku, pennaveski, nemendabækur, íþróttaföt og sundföt.
- Afhenda skal forráðamönnum starfsáætlun skólans, ásamt útivistartíma, hvernig eigi að tilkynna forföll og biðja um frí og nauðsynleg símanúmer, netföng og veffang skólans.
- Upplýsingar þessar þurfa að vera á móðurmáli foreldra og barna og vera aðgengilegar á sameiginlegu drifi svo auðvelt sé fyrir starfsfólk skólans að nálgast efnið. Tímarit frá Alþjóðahúsi getur einnig komið að gagni.
- Foreldrar og forráðamenn þurfa upplýsingar um hvert þeir geti leitað ef nemandi líður illa í skólanum og ef óánægja kemur upp.
- Veita skal upplýsingar um tómstundir og þá íþróttaiðkun sem í boði er fyrir nemandann og hvar sú starfsemi fer fram.
- Veita skal upplýsingar um mótuneyti, lengda viðveru og verðskrá fyrir þá þjónustu.
- Kynna skal fyrirkomulag á lengdri viðveru, fyrir þeim sem við á.



## Upplýsingar fyrir skólann um bakgrunn nemanda og aðstæður foreldra:

Fá upplýsingar um:

- fjölskyldu nemandans.
- áhugamál og skapgerð nemandans.
- trúarlegan bakgrunn nemandans og trúarhefðir.
- þjónustubörf vegna fötlunar eða veikinda.

Fá skriflegt leyfi foreldra til að birta myndir af nemendum í miðlum skólans.

## Fyrstu skref skólagöngunnar

- Áður en hin hefðbundna skólaganga hefst er mikilvægt að umsjónarkennari undirbúi bekkinn sem nemandinn mun tilheyra og kynni komu hans öllu starfsfólki skólans.
- Kynna þarf nafn, móðurmál og upprunamenningu nemandans og hafa ber í huga að fyrstu kynni gleymast seint.
- Við upphaf skólagöngu er mikilvægt að barn komi í skólann ásamt foreldri hluta úr degi barninu til stuðnings. Ferli þetta getur tekið nokkra daga, allt fer þetta eftir því hvernig barnið aðlagast.
- Mikilvægt er að kynna fyrir nemanda rútuferðir, íþróttahús og sundlaug og alla þá aðstöðu sem til íþróttaiðkunar er. Hafa ber í huga að margir erlendir nemendur eru að jafnaði ekki syndir á okkar mælikvarða og sumir blygðast sín fyrir að afklæða sig innan um aðra.
- Til að vel takist til við íslenskunám nýrra Íslendinga er áriðandi að gerð verði einstaklingsnámskrá og að undirbúin sé ferilmappa með unnum verkefnum nemandans.

## Upplýsingar um menningaráfall og hvaða þýðingu það hefur fyrir nemandann

Nefna þarf við foreldra nemanda, sérstaklega þá sem koma frá ólíkum menningarheimum, að komið geti upp sú staða að barn fái menningaráfall.

Margt er framandi í íslenskum skólum og tekur það alltaf tíma að ná tökum á nýju tungumáli og læsi á nýja menningu. Rétt er að árétta að nemandinn þarf stuðning og aðhald foreldra fyrstu árin og mun skólinn leggja sitt af mörkum til þess að koma á mótis við hann.

Leggja ber áherslu á jákvæð og skýr skilaboð, uppörvun, stuðning, þátttöku í félagslífi og gott samstarf foreldra og skóla til að stuðla að árangursríkri aðlögun.

Foreldrar geta stutt við nám barna sinna þó svo þeir hafi ekki vald á íslensku og eru til þess ýmsar leiðir, m.a. að nýta íslenska miðla.



Mikilvægt er að hvetja erlent foreldri til þess að viðhalda og þróa móðurmál nemandans. Íslenskt foreldri eða forráðamann skal hvetja til að tala íslensku við barnið og styðja það við að ná tökum á málinu sem fyrst. Nokkrir móðurmálshópar eru starfræktir í Alþjóðahúsi.





## Áfengis- og fíknivarnir

Allt starf sem fer fram undir merkjum skólans er vímuefnalaust. Neysla vímuefna í skólahúsnæði og á skólatíma er stranglega bönnuð. Ef nemendur verða uppvísir að neyslu vímuefna í skipulögðu starfi á vegum skólans verður tafarlaust haft samband við foreldra/forráðamenn (sjá skólareglur).

Í fíknivörnum er lögð áhersla á að hjálpa nemendum að þroska félagslega eiginleika eins og sjálfsaga, ábyrgðartilfinningu, dómgreind, gagnrýna hugsun og hæfni til samskipta við aðra. Auk þess að hjálpa nemendum að efla tengsl sín við fjölskyldu, skóla, jafnaldra og samfélagið.

Lögð er áhersla á eftirfarandi:

- Að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda.
- Að auka þekkingu og skilning nemenda á fíkniefnum og afleiðingum af notkun þeirra. Nemendur eru hvattir til að vera vímuefnalausir.
- Að líta á fíknivarnir sem hluta af margþættu uppeldisstarfi skólans frekar en einangraðan þátt í skólastarfinu.
- Fylgst er með ástundun nemenda, umsjónarkennarar láta foreldra vita ef ástundun nemenda verður ábótavant.

## Viðbrögð við vímuefnaneyslu og alvarlegum brotum

Ef grunur leikur á að því að nemandi sé undir áhrifum vímuefna í skólanum/á skólalóð

- Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
- Skólastjóri tilkynnir málið til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og kallar fulltrúa Barnaverndar á staðinn ef ástæða er til.
- Skólastjóri vísar nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er útkljáð. Skólastjóra er heimilt, í samvinnu við foreldra að láta þar til bæra aðila meta ástand viðkomandi nemanda.
- Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnarsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu. Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.
- Skólastjóri hefur samband við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
- Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, skólastjóri, foreldrar og fulltrúi Barnaverndar vinna að því að finna viðeigandi úrræði fyrir nemandann.
- Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, í öðru sérúrræði eða tímabundinni brottvísun.



Ef grunur er um að nemandi hafi vímuefni undir höndum, dreifi eða selji þau í skólanum/á skólalóð

- Skólastjóri tilkynnir málið til lögreglu.
- Skólastjóri tilkynnir foreldrum málið.
- Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.
- Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu. Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.
- Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar. Barnavernd, Félags- og skólajónusta Snæfellinga, skólastjóri og foreldrar viðkomandi nemanda vinna saman að lausn málsins.



## Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi

Grunnskóli Snæfellsbæjar vinnur samkvæmt eineltisáætlun Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Markmið áætlunarinnar er að skapa skólaumhverfi þar sem einelti fær ekki þrifist. Áætlunin byggir á fáum meginreglum sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rannsóknum, að skila árangri í baráttunni gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

## Jákvæður skólabragur og samskipti

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að skapa andrúmsloft sem einkennist af jákvæðni, hlýju, alúð og áhuga hinna fullorðnu en jafnframt ákveðnum römmum vegna óviðunandi atferlis.

Til að tryggja þetta eru starfsmenn skólans á fundum einu sinni í mánuði, þar sem fram fer fræðsla og upplýsingum um stöðu og ferli mála er komið á framfæri. Nemendur sitja bekkjarfundi, þar sem málefni bekkjarins eru rædd, að lágmarki tvisvar í mánuði. Forráðamenn eru boðaðir á fundi með Olweusarteymi einu sinni á önn til að ræða stöðu bekkjarins, auk þess eru niðurstöður eineltiskönnunarinnar sem lögð er fyrir 4.-10. bekk árlega, kynntar á opnum fundi.

## Skilgreining á einelti

Talið er að einstaklingur sé lagður í einelti af hann/hún verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga fyrir ákveðið tímabil (Olweus 1986,1992).

Það er neikvæður og/eða ofbeldiskenndur verknaður ef einhver veldur öðrum viljandi tjóni eða óþægindum – með líkamlegri snertingu, með orðum eða á annan hátt. Við tölum ekki um einelti nema þessu til viðbótar sé um að ræða aflsmun. Það er þegar sá sem verður fyrir þessum neikvæða verknaði á erfitt með að verja sig því hann er líkamlega og/eða félagslega veikari sá/þeir sem angra hann.

Þrennt einkennir eineltishugtakið samkvæmt ofangreindri skilgreiningu:

1. Árásarhneigt (ýgt-) og/eða illa meint atferli.
2. Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir í ákveðinn tíma.
3. Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Starf með nemendum til að stuðla að jákvæðum skólabrag

Nemendur hafa aðgang að öllu starfsfólki skólans og geta tilkynnt um það sem þeim þykir ábótavant.



Haldin er Olweusar-vika í byrjun skólaárs þar sem umsjónarkennari nýtir eina kennslustund á dag til þess að ræða hugtakið einelti, fjallar um jákvæð samskipti í skólastarfinu, haldinn er bekkjarfundur og bekkjarreglur gerðar. Eineltishringurinn er kynntur og hengdur upp í öllum stofum. Nemendur eru upplýstir um það hvernig þeir geti stuðlað að jákvæðum skólabrag og góðum bekkjaranda. Vinabekkir eru kynntir og farið í heimsókn.

Önnur Olweusar-vikan er í október þar sem umsjónarkennari nýtir eina kennslustund á dag til að ræða jákvæð samskipti hvort heldur sem er á netinu eða í daglegum samskiptum. Vikan endar á vinabekkjaraheimsókn.

Þriðja Olweusar-vikan er í febrúar þar sem umsjónarkennari nýtir eina kennslustund á dag til að stýra hópverkefnum sem tengjast samskiptabáttum sem þörf er talin á að skoða og ræða. Vikan endar á vinabekkjaraheimsókn.

Reglulegir bekkjarfundir eru í hverjum bekk. Þar fá nemendur tækifæri til að segja frá líðan sinni, samskiptum við aðra og hvernig þeir upplifa skólabraginn. Hlutverkaleikir, klípusögur og verkefni tengd bættri líðan eru unnin. Áhersla er lögð á samábyrgð allra.

Eineltiskönnun er lögð fyrir í nóvember ár hvert. Niðurstöðurnar eru kynntar nemendum og þær ræddar á bekkjarfundum.

Vinna með starfsfólki til að stuðla að jákvæðum skólabrag

Á fyrstu starfsdögum skólans fá nýliðar í starfsmannahópnum námskeið þar sem farið er yfir helstu áhersluþætti í vinnu með jákvæð samskipti og góðan starfsanda. Útskýrt hvernig greina má einelti og hvernig skal taka á því. Áhersla er lögð á að allir starfsmenn bera ábyrgð á því að skapa jákvæðan skólabrag, m.a með því að skrá í Olweusarbók ef eitthvað er athugavert í samskiptum nemenda, hrósa fyrir jákvæð samskipti og koma skilaboðum til annarra starfsmanna. Allir nýir starfsmenn fá eintak af handbókinni: „Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli“, og eiga þeir að kynna sér innihald hennar.

Fundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki skólans þar sem farið er yfir starfsreglur og verklag í vinnu með jákvæð samskipti. Allt starfsfólk skólans ásamt starfsfólki íþróttamannvirkja er virkjað og upplýst um skyldur sínar í ferli mála gagnvart nemendum og öðru starfsfólki skólans. Upplýsingar eru veittar um stöðu einstakra mála.

Fulltrúar eineltisteymis eru á öllum deildarfundum. Þar er farið yfir mál sem ekki mega bíða mánaðarfunda.

### **Jákvæð samskipti milli heimilis og skóla**

Þættir sem bæta/auka samskipti milli forráðamanna innbyrðis og milli skóla og forráðamanna:



- Öflugt bekkjarstarf í samstarfi forráðamanna þar sem áhersla er lögð á jákvæðan bekkjaranda og góð samskipti, t.d þurfa að vera skýrar reglur um bekkjarafmæli og bekkjarkvöld. Mikilvægt er að forráðamenn innan bekkjarins þekkist
- Jákvæðni gagnvart skólanum og öðrum nemendum skólans.
- Virk þátttaka í skólastarfinu, m.a með því að mæta á fundi og aðra viðburði.
- Vitneskja um hverjir eru í eineltisteymi Grunnskóla Snæfellsbæjar sem má m.a. kynna sér á heimasíðu skólans.
- Kynningarfundir fyrir foreldra sex ára barna eru haldnir á hverju hausti og þeim afhent foreldrahandbók Olweusar.
- Kynna sér hvenær umsjónarkennarar hafa viðtalstíma. Einnig geta forráðamenn skilið eftir skilaboð hjá skólaritara og haft verður samband við þá. Netföng kennara eru jafnframt aðgengileg á heimasíðu skólans og í Mentor.
- Haldnir fundir fyrir hvern bekk að hausti þar sem helstu áherslur ársins eru kynntar. Fundirnir eru með bekkjarfundaformi þannig að forráðamenn kynnast því hvernig þeir fara fram.
- Í febrúar eru niðurstöður eineltiskönnunar, sem nemendur 4.-10. bekkjar taka árlega í nóvember/desember, kynntar fyrir forráðamönnum.
- Hvað geta forráðamenn gert til að fyrirbyggja einelti?
- Kynnt sér eineltisáætlunina og áætlunina um jákvæð samskipti í Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- Stofnað vinahópa meðal barnanna.
- Frætt og rætt við börnin. Fylgst með samskiptum, spurt og hlustað.
- Verið virkir í bekkjarstarfi.
- Rætt um umburðarlyndi við börnin.
- Notað Mentor, tölvupóst og heimasíðu skóla til samskipta og upplýsingaöflunar.
- Verið í góðu sambandi við kennara og starfsmenn.
- Haft í huga að afneitun hjálpar engum: “Mitt barn gerir ekki svona”.
- Látið skóla strax vita ef þeir fá upplýsingar um athæfi sem gæti bent til eineltis, hvort sem það á við þeirra barn eða annarra.
- Hvað geta forráðamenn gert ef einelti kemur upp?
- Tilkynnt strax um eineltið til kennara/eineltisteymis.
- Rætt við barnið: Er barnið þolandi eða gerandi?
- Kennt barninu að taka afstöðu gegn einelti. Mikilvægt er að forráðamenn átti sig á stöðunni.
- Haft samband sín á milli.
- Veitt eftirfylgd.
- Rætt við barnið, þó það sé ekki beinn þátttakandi.
- Látið börnin finna að eitthvað sé gert í málinu og þeim trúað.



## Jafnrétti og mannréttindi

Það er stefna Grunnskóla Snæfellsbæjar að gætt sé jafnréttis starfsmanna og að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum án tillits til kyns, trúarbragða, þjóðernis, litarhafts, aldurs, stjórnmalaskoðana eða menningarlegs bakgrunns.

Allar starfsstéttir Grunnskóla Snæfellsbæjar eru jafn mikilvægar og eiga þær allar að fá að hljóma til jafns í starfi skólans.

Eftirfarandi þarf til að ná fram stefnu Grunnskóla Snæfellsbæjar í jafnréttismálum:

- Samábyrgð allra starfsmanna á að vera augljós í öllu skólastarfi.
- Starfskjör skulu vera algjörlega sambærileg milli kvenna og karla.
- Stuðla skal að vellíðan allra starfsmanna og góðum starfsanda.
- Gæta skal jafnréttis við ráðningar, símenntun og almenna starfsþróun.
- Gæta skal jafnréttis við skipun fólks í stjórnunar- og ábyrgðarstörf.
- Leitast skal við að halda jöfnu hlutfalli kynja í störfum og hópum innan skólans.
- Gera skal starfsmönnum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf.
- Upplýsingaflæði skal vera jafnt milli allra starfsstétta skólans.
- Ábyrgð og tækifærum skal dreift á sanngjarnan hátt, innan og á milli starfsstétta.
- Einelti og áreitni er ekki liðið

## Framkvæmd og umfang

Jafnréttisáætlun þessi mun verða endurskoðuð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Ábyrgð á framgangi jafnréttismála er hjá skólastjórnendum og trúnaðarmönnum stéttarféлага innan skólans. Þeir skulu fylgjast með þróun og framgangi jafnréttis í skólanum.

Einstakir vinnuhópar og teymi eru hvött til að taka jafnréttismál með í skipulag sitt og gæta þess að stefnumið jafnréttisáætlunar nái fram að ganga.

Framkvæmd jafnréttisáætlunar skal aðgætt í sjálfsmati skólans hvert ár og niðurstöður þeirrar könnunar kynntar öllu starfsfólki á starfsmannafundi.



## Viðbrögð við áföllum

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, skólahjúkrunarfræðingur og sóknarprestur koma að áföllum, hvert tilvik þó aðgætt sérstaklega hvað varðar sóknarprest.

### Hvað er áfall?

Áfall er viðbrögð einstaklings við atburði sem veldur honum svo miklu álagi að venjuleg bjargráð hans duga ekki til og hann verður að leita sér aðstoðar. Meðal erfiðustu áfalla eru þau sem eru óvænt, tilviljanakennd og án nokkurs skiljanlegs tilgangs.

Hvað getur valdið áfalli?

Alvarlegur sjúkdómur gerir vart við sig.

Alvarlegt slys hefur átt sér stað.

Missir – andlát einhvers nákomins.

Kynferðisleg árás.

Skyndileg örorka eða missir fyrri hæfileika eða getu.

Að verða vitni að ógnvekjandi atburði.

Að verða valdur að alvarlegu slysi eða tjóni.

Skilnaður foreldra.

Náttúruhamfarir.

Viðbrögð fólks eru einstaklingsbundin og því bregðast ekki allir eins við sama atburði.

Mikilvægt er að skólinn fái upplýsingar um áföll sem starfsmenn og nemendur verða fyrir eða gerast innan fjölskyldna þeirra. Með því getur skólinn brugðist við og veitt þeim sem í hlut eiga viðeigandi stuðning.

### Ýmis áföll

Verði umsjónarkennari var við breytingu á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda ber honum að ræða við nemandann einslega og forráðamenn ef þurfa þykir.

Umsjónarkennari og námsráðgjafi virkja það starfsfólk skólans sem þurfa þykir til að aðstoða nemandann.



## Viðbrögð við slysum

### Í skólanum

#### Minniháttar slys

Meta skal ástand nemandans. Ef grunur er um áverka skal kalla til aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Hann tekur ákvörðun um frekari viðbrögð. Ef þurfa þykir er nemandi sendur til læknis og fylgir skólaliði honum þangað. Ritari/deildarstjóri tilkynnir forráðamönnum um atburðinn og eru þeir jafnframt beðnir um að koma á Heilsugæsluna til að vera hjá nemandanum.

Slysið er skráð á viðeigandi eyðublað skólans.

### Ef nemandi deyr eða slasast alvarlega á skólatíma

- Sá sem fyrstur kemur á slyssað á að sjá til þess að skyndihjálpi sé veitt eins fljótt og mögulegt er og að hringt sé á sjúkrabíl og lögreglu - 112.
- Kallað skal eftir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra sem stjórna frekari aðgerðum.
- Skólahjúkrunarfræðingur er kallaður á staðinn.
- Hringt skal í forráðamenn. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri sér um það.
- Enginn svarar í símann nema ritari eða skólastjórnendur. Sem minnstar upplýsingar eru gefnar og aðeins til þeirra sem hlut eiga að máli. Engar upplýsingar eru veittar til fjölmiðla.
- Starfsmaður skólans bíður hjá slasaða barninu á meðan aðrir starfsmenn sinna hinum.
- Safna skal þeim nemendum saman sem urðu vitni að slysinu því að þeir verða að fá að tjá sig um það sem þeir upplifðu, hugga hver annan, gráta saman og hughreysta.
- Athuga skal hvort sá slasaði eigi systkini í skólanum, ná í það/þau og veita því/þeim sérstaka hjálpi. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri /deildarstjóri eða ritari stjórna því.
- Öllum nemendum skal vísað í sínar heimastofur.
- Umsjónakennarar skólans eru fyrst kallaðir saman og þeim veittar upplýsingar um atburðinn og líðan nemandans. Athuga skal að nemendur séu ekki einir á meðan. Aðrir starfsmenn skiptast á að vera hjá nemendum þar til allir starfsmenn hafa fengið upplýsingar.
- Hver bekkur er hjá sínum umsjónarkennara það sem eftir er skóladagsins, nemendur fá upplýsingar þegar þær liggja fyrir. Þeir fá tækifæri til að vinna úr viðbrögðum sínum og tilfinningum og fjalla nánar um atburðinn.
- Ef um dauðsfall er að ræða er flaggað í hálfu stöng og sér húsvörður um það.
- Skólahjúkrunarfræðingur og prestur eru kallaðir í skólann til að aðstoða við áfallahjálpi ef þörf krefur.
- Senda skal út bréf til allra forráðamanna þar sem atburðum dagsins er lýst.





## Utan skólatíma

Ef nemandi deyr eða slasast alvarlega utan skólatíma þá skal:

- fá staðfestingu á andláti/ slysi hjá forráðamönnum eða lögreglu.
- kalla til áfallaráð og bekkjarkennara viðkomandi nemanda. Hafa stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.
- kalla eftir presti í skólann til að aðstoða við áfallahjálp ef þörf krefur.
- senda út bréf til allra forráðamanna til að segja hvað gerst hafi.
- athuga hvaða nemendur eru ekki í skólanum og hafa samband heim til þeirra.

## Viðbrögð við andláti

Vegna andláts nemanda:

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
2. Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda ásamt öðru starfsfólki skóla.
3. Skólastjóri og umsjónarkennari fara heim til nemanda.
4. Aðili úr áfallateymi ásamt sóknarpresti ræðir við bekk viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara.
5. Skólastjóri/umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn bekkjarins.
6. Áfallateymi vinnur með bekk eins lengi og þörf er á.

## Eftirfarandi atriðum skal sinnt í bekk næsta dag:

- spyrja hvort allir viti nú þegar um dauðsfallið,
- kveikja á kerti og hafa mynd af nemandanum á borðinu hans,
- gefa nemendum tækifæri til að spyrja spurninga. Ef kennari hefur ekki svar á reiðum höndum er mikilvægt að afla upplýsinga og koma þeim til nemenda,
- segja nemendum hvernig næstu skóladagar verði og hvað verði gert í tengslum við andlátið,
- fá prestinn til að hafa samverustund fyrir alla nemendur og starfsmenn í kirkjunni,
- hafa fund með áfallateymi í lok dags þar sem farið verður yfir stöðu mála og ákveða næstu skref.



### Eftirfylgd vegna andláts:

- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju frá skólanum.
- Nemendur vinni með tilfinningar sínar, ýmist í skapandi vinnu eða í leik.
- Gjarnan mætti útbúa veggteppi, stóra mynd eða eitthvað þess háttar.
- Útbúin kveðja frá bekknum, minningargreinar, myndir og fleira sem við á.
- Borð viðkomandi látið standa óhreyft í einhvern tíma í virðingarskyni við hinn látna.
- Nemendur og kennarar geta tekið saman minningarbrot um hinn látna, skólasystkini síðan farið og afhent foreldrum þess. Það geta verið t.d. ljóð, teikningar, ljósmyndir eða eitthvað annað. Skólinn getur staðið fyrir minningardegi eða kvöldi og safnað peningum í minningu nemandans eða til styrktar málefni sem var hinum látna hugleikið.
- Heimsókn að gröf hins látna.
- Farið með blóm eða kerti á slysstað ef um slys var að ræða.
- Minnst þess látna s.s. á afmælisdegi, við skólaslit, í ferðalögum, o.s.frv.
- Hafa í huga að hið hefðbundna skólastarf sefar ótta og kvíða.

### Jarðarför

- Hvetja nemendur til að fara að jarðarförinni í fylgd með foreldrum sínum eða forráðamönnum.
- Hvetja starfsfólk skólans til að fara að jarðarförinni.
- Senda kveðju frá skólanum.
- Ákveða hverjir eiga að skrifa minningargrein fyrir hönd skólans.
- Flagga í hálfu stöng við skólann daginn sem jarðarförin fer fram.

### Vegna andláts aðstandenda nemenda

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandanda.
2. Umsjónarkennara tilkynnt um andlát viðkomandi.
3. Skólastjóri/umsjónarkennari fari heim til nemanda.
4. Endurkoma nemanda í skólann m.t.t. bekkjarins skal undirbúin í samráði við aðila úr áfallateymi og jafnvel að einhver þeirra aðila ræði við viðkomandi bekk og nemanda.
5. Aðili úr áfallateymi vinnur með viðkomandi nemanda eins lengi og þurfa þykir.

Í kjölfar dauðsfalls er barn oft fjarverandi í einhvern tíma. Það gefur kennaranum svigrúm til að undirbúa bekkinn og um leið sjálfan sig áður en nemandinn kemur aftur í skólann.



- Muna þarf að öll hluttekning auðveldar nemandanum að koma aftur í skólann.
- Tilkynna atburðinn starfsfólki.
- Funda með áfallaráði og bekkjarkennara og skipta með sér verkum.
- Segja bekknum frá því sem gerst hefur.
- Lesa bókmenntir sem fjalla um ástvinamissi.
- Hvetja nemendur til að útbúa einhvern hlut eða gjöf handa bekkjarfélaganum.
- Nemendur geta skrifað kveðjur sem lýsa skilningi þeirra á þessum erfiðu aðstæðum.
- Senda kveðju frá skólanum heim til nemandans.
- Hvetja þarf nemandann til að koma sem fyrst aftur í skólann. Kennari þarf að skapa andrúmsloft þannig að nemandinn finni ekki til kvíða þegar hann kemur aftur í skólann.
- Mikilvægt er að kennarinn sé búinn að ráðfæra sig við nemandann um fyrsta daginn. Sumir vilja tala um atburðina en aðrir vilja ekki heyra minnst á þá.
- Gæta þess að hafa samráð við ættingja nemandans um aðgerðir.
- Hlúa vel að nemanda á eftir. Þjóða utanaðkomandi aðstoð, t.d. viðtöl við skólahjúkrunarfræðing.
- Spyrja um líðan nemandans og fjölskyldunnar næstu mánuði á eftir.

Ekki er óalgengt að hegðun og námserfiðleikar barna stafi af sorg sem þau hafa orðið fyrir, jafnvel þótt langur tími sé liðinn, mánuðir eða jafnvel meira en ár. Rétt er að hafa í huga að skilnaður foreldra getur haft í för með sér svipuð sorgareinkenni og ef um dauðsfall væri að ræða. Því er mikilvægt að foreldrar geri skólanum viðvart ef um skilnað er að ræða.

### **Vegna andláts starfsmanns**

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandanda.
2. Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið.
3. Skólastjóri eða staðgengill hans fær prest til að koma í skólann.
4. Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns.
5. Flaggað í hálfu stöng.
6. Áfallateymi ákveður hver á að skrifa minningargrein fyrir hönd skólans.
7. Umsjónarkennarar viðkomandi bekkja, sem kennari kennir eða starfsmaður hefur haft samskipti við, tilkynna nemendum andlátið. Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri umsjónarbekk andlátið.



8. Aðili/aðilar úr áfallateymi ræða við umsjónarbekk.
9. Skólastjóri/umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn bekkjarins.
10. Áfallateymi vinnur með bekk eins lengi og þörf er á.



## Agamál

Skólareglur Grunnskóla Snæfellsbæjar byggja á fyrirliggjandi greinum í grunnskólalögum nr. 91/2008 en þar segir í 14. grein.

„Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkini“.

Jafnframt segir í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskóla (nr. 1040/2011):

4. grein. Nemendur:

Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.

Skólareglur Grunnskóla Snæfellsbæjar gilda hvar sem nemendur og starfsmenn eru á vegum skólans. Þær byggja á því grundvallarsjónarmiði að nemendur séu komnir í skólann til þess að læra í friði, sátt og samlyndi við aðra.

Minnt er á að vellíðan í skólanum er á ábyrgð allra sem að starfinu koma, jafnt starfsmanna, nemenda sem og forráðamanna þeirra.

Skólareglur einar og sér geta aldrei orðið marktækar. Til að skólareglur stuðli að vellíðan skiptir miklu máli að hlutverk hvers og eins séu skýr og fylgi framangreindu markmiði.

Kennarar, starfsmenn og nemendur eru þeir sem sinna daglegum störfum í Grunnskóla Snæfellsbæjar og því eru þau hlutverk sem þeir spila sérstaklega tilgreind hér, áður en kemur að skólareglunum sjálfum.

Hlutverkin eiga að vera sýnileg öllum sem vinna á vinnustaðnum, sem og skólareglur.



## Manneldismál

Öll börn í Grunnskóla Snæfellsbæjar skulu eiga kost á hollri máltíð í hádegi.

Heit máltíð sé í boði a.m.k. fjóra daga vikunnar en köld máltíð með brauðmeti hinn fimmta dag.

Ferskt, hrátt eða soðið grænmeti sé ávallt í boði með heitri hádegismáltíð.

Hlutfall orkuefna í hádegismáltíð sé í samræmi við mannelismarkmið, þ.e. fita er 30-35% orkunnar, prótein 10% eða meira og viðbættur sykur innan við 10% orkunnar. Þessum markmiðum er náð með því að velja kjötvörur með tilliti til fitumagns og nota feitar sósur sparlega. Kjötvörur teljast feitar ef fita fer yfir 15% af þyngd. Ef slík vara er á boðstólum ber að halda fitu í lágmarki í meðlæti og auka hlut grænmetis og annars meðlætis, t.d. brauðs, kartaflna, hrísgrjóna eða pasta.

Útgefinn skal matseðill til mánaðar í senn, í síðasta lagi 10 virkum dögum fyrir mánaðamót og birtur á heimasíðu skólans. Ef breyting verður á matseðli skal sú breyting tilkynnt á heimasíðu.

Vatn skal vera í boði með öllum máltíðum.

Þegar spónamatur er á boðstólum skal hafa gróft brauð eða ávexti með máltíðinni.

Í nestistíma að morgni er öllum nemendum boðið upp á ávöxt eða hrátt grænmeti, einnig drykkjarvatn og mjólk.

Nemendum er gefinn kostur á að fá holla morgunhressingu í 1. – 4. bekk. Stefnt skal að því að skóladagur nemenda hefjist á þeirri máltíð.